

# Orsök og afleiðing ganga í hring

Þrjú verk eftir Charles Ross, tónlistarmann á Reyðarfirði, verða flutt á Myrkum músíkdögum 19. febrúar í Listasafni Sigurjóns í Reykjavík. **Steinunn Ásmundsdóttir** spjallaði við Charles þegar hann átti lausa stund frá tónlistarkennslunni.

Tónskáldið og tónlistarkennarinn Charles Ross kom til Reyðarfjarðar árið 1986 til að taka við stöðu tónlistarkennara. Núna býr hann, ásamt konu sinni Suncönu Slamnig, á Eiðum. Þau kenna bæði við Tónlistarskóla Austur-Héraðs á Egilsstöðum. Auk kennslu og framúrstefnutónsmíða, rannsakar Charles tónlist og hljóðfæri og tónlistarheimur hans, eða öllu heldur hljóðheimur, er sérstæður og víðfemur.

"Ég fæddist í Englandi árið 1965 en bjó á vesturströnd Skotlands frá níu ára aldri og þangað til ég var átján ára gamall," segir Charles. "Ég fór að spila á fiðlu þegar ég var sjö ára og þegar ég var orðinn tólf sagði tónlistarkennarinn minn að nú yrði ég að ákveða hvort ég ætlaði að verða alvörutónlistarmaður eða ekki. Það þýddi að ég yrði að gefa allt annað upp á bátinn, m.a. íþróttir og löngun mína til að búa til teiknimyndir. Ákvörðunin var erfið, en ég valdi tónlistina. Eftir það varð lífið þannig að ég spilaði t.d. í þremur símfóníuhljómsveitum í hverri viku. Á hverjum laugardegi fór ég til Glasgow og var frá klukkan níu til fjögur stanslaust að læra tónlist. Lífið var bara tónlist frá upphafi til enda.

Ég var í Royal Scottish Academy of Music í Glasgow þangað til ég var átján ára. Á þessum tíma lærði ég líka á píanó, sem var nauðsynlegt fyrir mig í sambandi við hljómfraði. Fiðlan og píanóið voru mér mjög föst í formi og til þess að slaka á fór ég að spila á rafmagnsgítar og gætti þess að læra ekki að lesa nótur á hann. Það var bara eftir að ég kom til Íslands og fór að kenna á rafmagnsgítar að ég þurfti að læra þær. Þetta rjal með gítarinn leiddi til þess að ég spilaði töluvert með rokkshljómsveitinni Blue Bells. Við vorum til dæmis upphitunarhljómsveit fyrir Bic Country og Waterboys sem þótti ekki slakt í þá daga. Það sem ég var að spila með hljómsveitinni var ekki aðeins rokk og ról, því ég sótti til dæmis fyrirmyndir í tónlist King Crimson og Brian Eno. Annars var lífið mest kammermúsík, símfóníur, tónfræði og tónlistarsaga. Klassískt uppeldi."

## Tónlistarleg ihugun

Charles fór átján ára gamall í Dartington College of Art í Suðvestur Englandi. Skólinn þótti mjög framúrstefnulegur og er það ennþá, en í þá daga var mjög skemmtilegt flæði þarna og listformin tengdust öll nútímameningunni, að sögn Charles.

"Það var frábært fyrir mig að komast í þetta andrúmsloft.

Þarna hafði ég dásamlegan kennara sem hét Frank Denyer. Hann var gott tónskáld og rannsakaði tónlistarhefðir þjóðflokka. Hann fór m.a. til Kenýa og Japan og tók þar upp tónlist. Það sem hann samdi var svo á ákveðinn hátt tengt



Charles Ross, tónskáld, kennari og fræðimaður.

Þessu, en þó mjög persónulegt. Denyer var magnaður. Það má lýsa verkum hans þannig, að í stað þess að skrifa hefðbundna tónlist, hafi hann búið til alveg splunkunýja músíkupsprettu fyrir sjálfan sig, skrifað algerlega nýja tónlist." Í Dartington hiitti Charles annan mann sem hafði gríðarleg áhrif á hann. Sá hét Morton Feldman og var Charles svo heppinn að vera með honum í tvær vikur í tónskáldahópi í sameiginlegu verkefni. Feldman lést því miður ári seinna. "Feldman skrifaði sín verk þannig, að hann byrjaði á einhverjum tilteknum punkti, spanna sig ofurhægt áfram í hverju viðfangsefni innan tónverksins, skipti svo yfir í eitthvað allt annað og breytti þannig sífellt um sögu, yfirbragð og tíma innan sjálfs verksins. Verkin hans voru mjög hæg, allt upp í sex klukkustunda löng. Annaðhvort gat maður hlustað á þau sem bakgrunns músík, eða hlustað grannt og fundið að hann var að segja allskonar sögur, kannski fimmtán mínútna langa hverja um sig, en allar tengdust þær einhvers staðar í tónverkinu. Þetta er nokkurs konar tónlistarleg íhugun, þar sem hver punktur verksins fær rými og tíma í úrvinnslu. Með þessu móti fær maður tækifæri til að meðtaka tónlistina án þess að misbjóða skynjuninni með ofhlæði. Ég er hrifinn af þessu."

### **Naumhyggja á norðurslóðum**

"Úr háskólanum fór ég beina leið til Reyðarfjarðar, það var árið 1986. Það var auglýst eftir tónlistarkennara þangað. Ástæðan fyrir því að ég kom til Íslands yfir höfuð tengist því, að á námsárunum fór ég einhverju sinni með Scottish National Youth Orchestra til Færeyja, Bergen, Ósló og Kaupmannahafnar. Á þeim tíma var þetta stærsta hljómsveit sem hafði spilað í Færeyjum og hún þótti mjög góð. Í þessari ferð komst ég að því að mér fannst eitthvað sérstakt við Norðurlöndin. Allt galtómt. Tóm stærð. Þú gast séð eitt tré, einn stein, einn mann, umhverfið allt mínímal. Þetta hentar mér mjög vel.

Ég hef meðal annars búið á Reyðarfirði, á Eiðum og raunar um tíma í Hallormsstað, en það virkaði ekki fyrir okkur Suncönu. Okkur þótti alveg ómögulegt að vera innikrouð af skógi, það var of þröngt um okkur. Ég varð ósköp ánægður þegar ég gat flutt aftur út í Eiða þar sem sviðið er vítt.

Ég hef ekki tengst íslenskri tónlist náíð. Ég er fyrst og fremst hljóðfæramaður í hugsunarhætti og fór þess vegna eitthvað að rannsaka langspilið og íslensku fiðluna en samsamaði mig lítið við það. Ég held að tónlistarmening á Íslandi sé fyrst og fremst söngmenning, líkt og rímnakveðskapur Sveinbjörns Beinteinssonar. Þessi þjóðlegu sögulög finnast víðar, í Tyrklandi og Bosníu, svo dæmi sé tekið."

### **Tónaringulreið spegluð úr náttúrunni**

Fyrir utan kennsluna er Charles að vinna rannsóknarverkefni við gamla háskólann hans í Dartington.

"Rannsóknin snýr að tónlistarhefð fólks sem er mjög náíð náttúrunni og hlustar mikið á hljóð hennar. Hljóðin eru í óeiginlegri merkingu yfirfærð eða spegluð í helgisiðatónlist sem tengist yfirsíkvitlegum fyrirbærum og öndum. Hún byggir á óreglubundnum hljóðum náttúrunnar, einhvers konar tilviljanakenndri tónaringulreið, sem er þó með sínum innri reglum. Innri tíminn er annar og við hlustun er ófyrirsjáanlegt hvað kemur næst, sem er gjörólíkt okkar klassísku tónlist þar sem innri reglan er yfirleitt þekkt. Þarna er gegnumgangandi óreiða í hljómfallinu.

Ég hef fundið svona náttúrutónlist hjá Inúítum á Baffinseyju, á Papúa Nýju-Gíneu og ættbálkum í Amazon og Afríku og tek þannig dæmi frá mismunandi stöðum sem tengjast ekkert innbyrðis. Ég hef rannsakað hljóðfærin sem þessir ættbálkar nota til að eiga samskipti við anda sína. Inúítarnir nota svo dæmi sé tekið fiðlu, sem er nákvæmlega eins og íslenska fiðlan, en það bendir auðvitað til sameiginlegs uppruna hljóðfærunna."

### **Andatrú og tónlistarhefð**

"Ég velti einnig fyrir mér hvernig karlar og konur hafa notað ólík hljóðfæri og túlkun í tónlist. Konurnar hafa yfirleitt notað söng og þær dansað saman í sínum helgisiðum. Karlar nota grímur fyrir andlit sín, líkt og þeir aftengi sjálfa sig frá gjörningnum og taki á sig gervi andans sem er tilbeðinn. Hljóðfæri karla virka líka dálítið eins og grímur, eru fyrir andlitinu. Falsettan í söng karla er af sama meíði, þar er búið að yfirfæra túlkunina frá manninum sem syngur og til einhvers annars. Karlarnir virðast fremja helgisiði sína utan við þorpin, einhvers staðar þar sem konur og börn sjá ekki til þeirra, en heyra óminn frá tónlistinni. Þessu er hins vegar þveröfugt farið með helgisiði kvennanna sem eiga sér yfirleitt stað fyrir opnum tjöldum."

## **Tónlist sem er skrifuð út frá óreiðu**

Charles byrjaði ungur að semja eigin tónlist. Hér á landi hefur hún verið flutt opinberlega í Reykjavík og á Seyðisfirði.

"Tónlistarsköpun mín er að sjálfsögðu að einhverju leyti tengd gömlu meisturunum, ásamt þeirri menningu sem ég lifi og hrærist í, en samt vil ég meina að ég sé að búa til alveg nýja tónlist sem hefur sínar eigin reglur.

Ég skrifa mína tónlist út frá óreiðu - kaos. Hún er óstöðug í eðli sínu, rekst stundum á við sjálfa sig, gerir tilraunir með sjálfa sig, þenur sig út og dregur sig saman á tilviljanakenndan hátt. Takturinn er óreiða og margfaldur innan um sig og hann rennur stundum saman. Tónlistin mín er eins og frumskógurinn, full af ólíkum hljóðum sem hrærast saman á ófyrirséðan máta, án nokkurrar sjáanlegrar reglu annarrar en að andardráttur lífsins knýr hana áfram.

Svona er okkar tímabil í tónlistinni núna. Ég held að sköpunin hafi aldrei verið jafnmismunandi eins og nú, það ríkir algert frelsi og enginn þarf að beygja sig undir ok hefðanna frekar en hann sjálfur vill."

## **Þrjú verk á Myrkum músikdögum**

"Á hátíðinni verða flutt þrjú verk eftir mig. Það fyrsta heitir The Snow Forest og er skrifað fyrir fiðlu, pikkaló, píanó og horn. Annað verkið er fyrir píanó og heitir Wood: Wind og það þriðja er Water Snake Puzzle, fyrir klarinett, flautu, lágfíðlu og kontrabassa. Konan mín, Suncana Slamnig, stjúpsonur minn Páll Pálsson, Jón Guðmundsson samkennari minn og María Gaskell tónlistarmaður á Seyðisfirði flytja verkin.

Í náinni framtíð mun ég einbeita mér að rannsókninni og kennslu. Ég kenni á fiðlu og rafmagnsgítar, og einnig tónmennt og tónsmíðar. Reyni sem mest að kenna nemendum mínum að hugsa sjálfstætt, víkja aðeins af beinu brautinni í músíkhugsun.

Ég ætla að vera áfram á Eiðum. Mér finnst gott að vera hérna vegna nærveru fólksins. Það er líka meiri orka í fólki á svona litlum stað, því samskiptin eru svo nán og tíð. Orsök og afleiðing ganga í stöðugan hring. Eins og lífið og músíkin."